

Fangelsismálastofnun ríkisins og Samhjálp gera með sér svohljóðandi

samkomulag

um vistun afplánunarfanga á meðferðarheimilinu Hlaðgerðarkoti

1. gr.

Fangelsismálastofnun ákveður í samráði við Hlaðgerðarkot hvaða afplánunarfangar skuli vistaðir þar.

2. gr.

Fangelsismálastofnun ákveður, að höfðu samráði við Hlaðgerðarkot, hvaða skilyrði gilda um vistun afplánunarfanga á meðferðarheimilinu.

Forsendur fyrir vistun eru að fangi samþykki skilyrði samkvæmt samkomulagi þessu og önnur skilyrði er Fangelsismálastofnun setur fyrir vistun þar.

Forráðamönnum meðferðarheimilisins er heimilt að höfðu samráði við Fangelsismálastofnun að vísa fanga af heimilinu án fyrirvara teljist hann ekki uppfylla skrifleg skilyrði er gilda um vistun þar.

3. gr.

Fanga er óheimilt að yfirgefa meðferðarheimilið án samþykkis meðferðaraðila og eftir atvikum Fangelsismálastofnunar.

Yfirgefi fangi meðferðarheimilið án heimildar er litið á slíkt sem stök úr refsivist og lok á meðferð.

Miðað skal við að fanga verði ekki veitt leyfi án fylgdar fyrr en hann hefur verið á meðferðarheimilinu í fulla 3 mánuði. Starfsmaður meðferðarheimilisins tilkynnir Fangelsismálastofnun með hæfilegum fyrirvara er fanga skal veitt leyfi til að yfirgefa meðferðarheimilið tímabundið. Leyfi skal aldrei veitt yfir nótt.

4. gr.

Fangi skal fara í einu og öllu að fyrirmælum Fangelsismálastofnunar og forráðamanna meðferðarheimilisins. Starfsmönnum Fangelsismálastofnunar er heimilt að heimsækja fanga að höfðu samráði við starfsmenn meðferðarheimilisins.

5. gr.

Meðferðarheimilið skal tilnefna starfsmann sem sér um og ber ábyrgð á samskiptum Fangelsismálastofnunar og heimilisins í því er lýtur að framkvæmd og tilhögun vistunar fanga.

6. gr.

Meðferðarheimilinu er skylt að tilkynna Fangelsismálastofnun tafarlaust um öll frávik frá þeim reglum er gilda um vistun fanga þar. Á skrifstofutíma skal haft samband við starfsmann Fangelsismálastofnunar í síma 520-5000. Á öðrum tímum skal haft samband í bakvaktarsíma Fangelsismálastofnunar 892-2794.

7. gr.

Fangelsismálastofnun greiðir Hlaðgerðarkoti fyrir hvern fanga sem upphaflega er áætlað að afpláni a.m.k. 40 daga á meðferðarheimilinu. Á meðan á dvöl stendur greiðir Hlaðgerðarkot ekki lækna- og lyfjakostnað.

8. gr.

Samkomulag þetta gildir frá 26. maí 2009. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er einn mánuður. Þó greiðir Fangelsismálastofnun fyrir vistun fanga frá 1. janúar 2009.

Samkomulagið byggir á 2. mgr. 15. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005.

Reykjavík, 26. maí 2009

F.h. Fangelsismálastofnunar ríkisins

F.h. Samhjálpár

Páll E. Winkel (sign.)

Heiðar Guðnason (sign.)